

Effie.

Eftir Annie Frost.

Þýttja hana, svo hann varð að beita öllum sínum kjarki. Frú Marshall fékk snert af taugamagnleysi, eldri systurnar grétu og kveinuðu, og heitmei hans þrýsti sér að honum, hált í hvoru utan við sig og kjókrandi; hégómagíni og tilgerð hennar var horfin.

Hann hafði verið góður og umburðaríkur faðir og ástrikur húsbóndi, og þessi langa hvíldarlaus nátt, var lélegur undirbúningur undir slíka morgunkveðju.

Að eins eitt andlit var rólegt og sýndi sjálfstjórn, þó að sorgartilfinningin væri mjög, sár. Hann hafði ekki verið bláur faðir við veika barnið sitt, sem stóð með náfólt andlit og skelfingarsvip, hlustandi á þessa sorglegu fregn. En hún hafði elskað hann með innilegri tilbeislu, sem þann mann, er var of göfugur og góður til þess að taka tillit til hennar, sem var svo lítilsverð, og jafnframt bar hún þá von í huga sínum, að einhverntíma seinna fengi hún máskæ að taka hlutdeild í þeirri ástaralúð, sem systur hennar hlötnaðist nú. Dáinn! Dáinn með ástrikur orðin þögnuð að elifu. Án þess að skilja eftir endurminningu um nokkur ástrik orð né bláumarki, og eyðileggjandi allar vonir um slíkt á ökomma tímanum — skiljandi að eins eftir örvílnun.

Fáein augnablik stóð skelfa barnið án þess að hreyfa sig, en svo gekk hún með hægt til móður sinnar.

Hún þekkti engin huggandi orð fyrir þá móður, sem alt að hafði lokað hana úti frá allri blíðu, hún strauk að eins hendi sinni um höfði hennar og hvíslaði: "Mamma, elsku, elsku mamma," þangað til móðirin fyrir hin segulmögnuðu áhrif köldu fingranna og blíðu snertinguna, örmaða og sorgþrungin hallaði höfðinu að legubekksessunni og sofnaði.

Eg minnst ekki fremur á þenna dag né þá næstu, meðan örvílnun og hugsunarlaus deydð skiftust á, þangað til jarðarför föðursins skildi þau eftir einmana.

Það kom brátt í ljós að tíu þúsund dollara lífsábyrgð var alt, sem Marshall hafði eftir látið konu sinni og börnum, og trúin fann að ókomni tíminn var ekki bjartur að útliti fyrir hana, með svo mörg börn. Blanche átti heimili í vöndum og mann, sem sá henni farborða, og brúðkaupð átti fyrst að fara fram að ári líðnu, þegar hún gat skift sorgarklæðnaðinum við brúðarkjólinn, og á meðan varð eitt-hvað að gera.

4. KAPITULI.

"Mig furðar hvort Horace hefir ekki skilið eftir nokkra leiðbeningu víkjandi bréfum," sagði Blanche, fyrsta kvöldið sem fjölskyldan settist að í litla húsinu, sem átti að verða framtíðarheimili þeirra. "Horace" var hr. Lovering, sem nú var fjarverandi viðvíkjandi viðskiftum. Hin ákafa sorg hafði gert andlit móðurinnar og eldri systuranna fölara og alvarlega, en hún hafði samt ekki eyðilagt allar vonir um lífsánægjuna. Þær hugsuðu sér að taka aftur þátt í samkvæmislífinu, þegar þær gætu lagt niður svörtu kjólana. Effie hafði sömu stöðuna og áður á heimilinu, berandi vonbrigði sín og aðrar tilfinningar þegjandi og róleg. Altá fól og kyrtíat, at enginn ókunnugur maður séð sorgina, sem bjó í huga hennar, en ástrikta augna hefir séð hrygðarvottinn í dökku augnum hennar og skjálftann á vörnum þegar nafn föður hennar var nefnt. En það var enginn til að taka eftir þessum þöglu merkjum.

Horace var góður og ástrikur bróðir litlu systirinni, en Blanche krafðist mesta hluta af tíma hans, og auk þess voru mörg viðskiftaferndi, sem hann tók að sér að framkvæma fyrir tengdamóður sína.

Fjölskyldan var eins og áður er sagt, til staðar í dagstofunni í nýja heimilinu. Frú Marshall sat við ofninn og las, Blanche var að skreyta nýjan kjól og Beatrice átti að hjálpa henni til þess, en áviturnar sem hún fékk hjá systur sinni, kveikti efa um að hún væri til nokkurs gagns. Lára sat og nöldraði yfir lexíu, en í afviknum krók sat Effie og horfði á eldinn í arninum í þungum sorgþrungnum hugunum. Dökku kjólarinnar, tempraða birtan, litla stofan og kyrtíat, se myfir öllu ríkti, var henni hugkvæmara en hinar en hinar fjörgu samkomur, sem áður voru svo tíðar. En hún þráði ósejanlega að skrifa að fótum móður sinnar og opinbera hina sáru sorg sína. Stundum kom henni til hugsar að krefjast sama traustsins og samhýggðarinnar, er systur hennar fengu, en hræsla hennar við ávitanir bannaði henni það.

Spurning Blanche var náumast töluð, þegar bréf með áritun frá Marshall var borðinn inn til þeirra. Hún leit á rithöndina og svipur hennar glöðnaði.

"Skrúfaðu upp gasljósið, Beatrice, það er frá Charles frænda okkar."

"Charles frænda okkar?" spurðu þær allar einum römi.

"Já, þið hafið aldrei séð hann, en faðir okkar var bróðursonur hans; hann er afar ríkur, en dutlungafullur og undarlegur. Hann reifist við föður okkar fyrir mörgum árum síðan, af því hann vildi ekki vera yngiskarl eins og hann, og þeir urðu aldrei vinir aftur. Eg veit ekki hvort þraetan var mjög alvarleg, en eftir þetta var mjög kalt á milli þeirra. Faðir okkar var mjög göfugur maður, og eg reiddist því auðvitað að hann, Charles, skifti sér af giftingu minni."

"En hvers vegna var hann því mótfallinn að faðir minn giftist."

"Hvers vegna. Af því hann hafði sjálfur verið heitbundinn stúlku, sem sveik hann. Eg skal segja ykkur alt."

Frændi okkar fæddist ríkur, allinn upp við hinn æðsta skóla, og tók snemma þátt í samkvæmislífinu, þar sem öllum féll hann vel í geð. Hann nam lækisfræði, og eg hefi heyrt að honum hafi verið brósað fyrir gáfur sínar og hæfileika, en hann þurfti ekki að stunda lækningar, þar eð hann var stóruáðurugur. Hann var mjög ungur þegar hann trúlofaðist einni af fegurstu stúlkum samkvæmislífsins, sem var auðug eins og hann. Þau höfðu verið trúlofðir í nokkrar vikur þegar bankinn, þar sem eignir hans voru á vöxtum, varð gjaldþrota, og hann varð að fátækum manni. Einn af vinum hans bauð honum stöðu í kúverskum hafnarbæ. Eg veit ekki með vissu hvar það var, en kaupði var gott og tækifæri til að græða á aukavinnu. Hann þáði boðið, og giftingunni var frestað þangað til að hann væri fær um að lifa sjálfstæðu lífi.

Hann var að eins búinn að vera í burtu fáeina mánuði, þegar ríkur bankastjóri biðlaði til heimtýr hans og giftist henni. Faðir okkar sagði að þessi frændi okkar hefði heitið því, að vinna sér inn meiri auð en keppi-nautur hans átti, og koma svo aftur og brósa sigri yfir henni. Hann efndi orð sín; peningarnir streymdu til hans úr öllum áttum og tíu árum síðar kom hann heim sem afar ríkur maður. En af sigurhrósinu varð ekkert, því hin fyrverandi heitmei hans var dain.

Síðan hefir hann verið í húsi út á landi. — einhverstaðar nálægt miðju fylkisins, held eg — og er orðinn ríflill, manna og kvenna-hatari, segja menn. Hann var vinur föður okkar, en þegar hann vissi að eg ætlaði að giftast honum, slitaði upp úr vináttunni."

"Hvers vegna skrifar hann nú?" spurði Blanche.

"Við skulum vita," og hún fór að lesa: "Frú! — Þar eð eg hefi heyrt að bróðursonur minn hafi eytt eignum sínum með óhöfslíkaði, og skilið ykkur eftir við fátækt, þá hefi eg tilbúið að gera yður."

"Mig langar til að hafa unga manneskju í nálægð minni, og eg þekki ekkert hentugra pláss til að leita barna, sem eg vil gjöra að kjörbarni mínu, heldur en í fjölskyldu yðar. Eg vildi helst fá dreng, en þar eð það er ómögulegt, skal eg taka eina af dætrum yðar. Eg vil ekki neina fegurð eða stúlk með nýtzukmentun, en eg vil heldur ekki neina heimskingja. Stúlka, með heillann fullan af rómantiskum hugsjónum um bóndæfni, er mér ekki geðþekkt, því hér hittir hún engan biðil. Þér megjið ekki skilja þetta þannig, að eg sé að skygnast eftir erfingja, því eg vil ekkert skilja henni eftir nema sparsamt lífsviðurværi. Meðan eg lifi, skal hún njóta góðs af því, sem heimili mitt hefir að bjóða, en þegar eg dey, má hún ekki búast við neinum auð, annars verður hún fyrir vonbrigðum."

"Hann ætti að fá stúlk, sem væri búin til samkvæmt skipun hans," sagði Lára gremjuleg. "Ef" — las frú Marshall — "Þér sendið mér eina af yðar dætrum, verður hún auðvitað að vera mitt eigið barn. Þér verðið að vera viðbúnað algerðum aðskilnaði, þar eð eg vil ekki leyfa henni að taka þátt í samkvæmislífinu."

"Með þeim skilmálum, sem eg hefi nú nefnt, skuluð þér fá tvö þúsund dollara árlega, meðan þér lifið. Ef þér viljið heldur halda börnum yðar hjá yður en þigja slíkar tekjur, þá hefi eg ekki meira að segja."

Ef þér sendið mér barn, látið það þá fara með lestinni á fimtugdagmorguninn kl. 5, nema staðar í G. um nóttina, og eg skal senda vagninn minn eftir henni, snemma á föstudagsmorguninu til "Stjórnumerkisins," eina hótelsins.

Charles Marshall.

"Þetta er undarleg uppástunga," sagði frúin gremjulega en jafnframt hugsandi.

"Það er best að þú sendir Effie," sagði Lára hlægjandi. "Fegurð hennar verður ekki til fyrirstöðu."

"Né hennar tizkutríta mentun," sagði Blanche.

"Eg held að biðlar hennar þrengi ekki heldur að gamla manninum," sagði Lára.

"Effie," sagði frú Marshall.

"Ó, nei, mamma, sendu mig ekki burt til kaldlynda, harða mannsins. Ó, mamma, láttu mig vera herna hjá þér. Eg vil —" meira gat hún ekki sagt fyrir gráti, og fleygði sér niður fyrir fætur móður sinnar. "Vertu nú ekki barnaleg," sagði móðir hennar ekki mjög hörkulega. "Enginn vill reka þig í burt. Fáðu þér sæti og hlustaðu á mig. Við erum mjög

fátæk, og frændi okkar býður mér árlegan peningastyrk með þeim skilmálum, að hann megji ætíð eitt af börnum mínum, sem hann lofar að gefa lífsframtíð þegar hann deyr. Ef eg tek ekki þessu tilbóði hans, verðið þið öll að vinna. Systur þínar verða að taka að sér kennara stöðu, eða að vinna í sölubáðum, eða verða saumastúlkur, nema að ofuríttil skynsemi frá þinni hlíð styðji að því, að gera líf okkar allra vel þolanlegt. Ef þú ert nógu eigingjörn til að eyðilegga vellíðan systra þinna, þá skal eg ekki þvinga þig til að fara."

"Rugl mamma; hver önnur okkar getur farið?" sagði Blanche. "Trúlofun mín bannar mér að fara, og þú getur ekki mist Beatrice fyrir en Lára er orðin fullorðin. Auk þess munu þær naumast vilja verða meyerlingar, en það liggur í augum uppi að Effie verður aldrei annað, þessi litla, göndandi stelpa."

Hvernig mundi Horace hafa líkað þessi göfuga ræða frá þeirri stúlku, sem alt af talaði svo ástrik orð um sína veiku systur, þegar hann var til staðar.

"Gefðu mér frest til morguns. Að eins eina nótt," bað vesalings Effie.

"Jæja, hugsaðu um það í nótt."

Hugsu um það. Alla löngu, hvíldarlausu nóttina hugsaði barnið, kvíðandi fyrir nýju, kuldalegu viðmóti, og ásakandi sjálfa sig fyrir að nokkur förm gæti verið of stór, þegar um velferð móðurinnar og systuranna var að ræða. Hún skeytti ekkert um þó hún yrði sjálf að vinna, en sú hugsun að systur hennar yrðu að vinna fyrir framtíð sínu, var henni óþolandi.

Þessi förm, sem hún varð að færa, var meiri en hún var von við. Að sönnu var hún fyrir-litið ónbögabarn fjölskyldunnar, en þetta var þó heimili hennar. Allur lífsdraumur hennar snérist um, að vinna sér þar inn ást annara, og eftir dauða föður hennar var löngunin til að ná ást móðurinnar orðin enn sterkari. Hér höfðu menn vanist fegurðarskorti hennar og fámælg, en þessi öngugi maður, sem skrifaði svo afar kuldalega, mundi strax taka eftir skorti hennar á öllu, sem var aðlaðandi, og aldrei sýna henni neina alúð. Engin von um að finna þar kærlleika huggaði hana, engum ljós-bjarna brá yfir hina dökku mynd, sem ímyndun hennar dróð upp af þessu nýja heimili.

En ef hún neitaði að fara, myndi móðirin og systurnar verða enn kaldari enn áður. Hvernig gat hún búist við að ná kærlleika þeirra, ef sjálfseika hennar gerði þær allar fátækar. Hvernig gat hún þolað að horfa á þetta dag-lega strit, sem hún gat útilokað.

Hugsu um það. Ó, móðir, hve beiskar voru ekki hugsanir barnsins, þessar löngu, huggunarlausu næturundir.

"Eg ætla að fara."

Þetta var morgunheilsan hennar, og þegar móðirin, hrifin yfir föla andlitinu og hinni stóru förm, tók hana í faðm sinn og kysti hana alúð-lega, þvingaði Effie tárin til að snúa aftur og brosti, um leið og hún endurgalt hina óvana-legu alúð.

Á fimtugdaginn var hún ferðabúinn. Einn hinni gömlu vana föður hennar átti að fylgja henni til G., og hann tók ungu stúlkuna og farangur henna undir sína vernd. Skiljandi eftir kæra kveðju til Horace og brosandir gegnum tárin yfir því, að þær skyldu ekki ásaka sig fyrir, að hún var að fara gagnstætt vilja sínum, yfirgefur hana stúlkann heimili sitt.

Það var orðið dimt þegar lestin rann inn á stöðina í G. Samferðamaður hennar hafði ýmist sofist eða lesið; hann hafði nokkrum sinnum reynt að byrja á samræðum við Effie, en hún var svo sorgþitin að hún gat ekki talað. Fjarlæg öllum augum, sem litu ásakandi á hana, gat hún ekki lengur dulið sorg sína. Hún hulið andlit sitt niður með blájunni og grét þegjandi allan daginn.

Langa nóttin í hótlinu, sem hún hafði kvíðið svo mikið fyrir, varð að löngum og rólegum svefni. Þreytt og magnþrota, bæði af ferðinni og sorginni, vaknaði hún ekki fyrir ein morguninn, þegar þerman barði að dýrum.

"Maðurinn, sem kom með yður, ungrú, er ferðabúinn, og hann sendir mig hingað til að segja yður, að vagn frænda yðar sé kominn," sagði stúlkann. Hún kom brátt ofan, og fylgdarmaður hennar sá, að hildin og svefninn höfðu hrest hana, hún var til muna fjörugri.

Það var fagur vetrardagur, og þegar hann hafði komið henni til að snæða góðan morgunverð, hjálpaði hann henni upp í vagninn, breiddi ferðadúkinn yfir kjóltu hennar og kvaddi hana svo glaðlega.

"Hve langt þarf að fara?" spurði hann ökumanninn.

"Heimili hr. Marshalls er hér um bil fimm mílur hins vegar við Mills Ferry, herra. Hann kallar það "Holuna," en náðurnir kalla það "Haresdale."

"Og hve langur vegur er til Mills Ferry?"

"Líðugar tuttugu mílur, hr."

"Það er langur vegur. Verið þér sælar ungrú Effie," og vagninn ók af stað.

5. KAPTITULI.

Ökuferðin var löng; en með tveim góðum hestum, hlífum dúk um sig og kvíðanum fyrir

hinu löngu óþekta, sem beið hennar, fanst Effie hún ekki löng. Það var snemma, síðari hluta dags, að ökumaðurinn snéri sér að Effie og sagði:

"Þarna er Haresdale, ungrú, í trjárunnum. Hann sést ekki á sumrin hédan, þegar trén eru laufguð, en sú sést hann glögt."

Effie leit þangað, sem hann benti, og var mjög ánægð yfir því, að sjá íramtíðarheimili sitt. Hvorki snjó né ís vetrarins gátu gert þenna stað einmanaalegan né eyðilegan. Húsið var ferkantað, af meðal stærð. Kringum neðri herbergin voru breiðar veggvalir með afar stórum gluggum, sem snéru að opna plássinu fyrir framan, og bogamyndað þak. Neðan við alla efri gluggana voru útsvaltr, sem Effie hugsaði sér þakkar af blómum og laufum. Dökk-grái steinninn í veggjunum var víðfeldinn og snotur þenna kalda dag, þar sem sólin sken á klaka drönglana, sem hengu niður frá þakbrúninni, og gerði þá líka demöntum. Frá hinum fjórum dýrum hússins lágu trjágangar, sem nú voru þaktr ís og blíkuðu í sólskininu í öllum litum regnbogans, og bak við alt þetta sá maður-stórt ísi klætt vatn.

Vagninn nam staðar, og hræðslan, sem kvíðið hafði Effie á allri leiðinni, vitjaði hennar aftur. Hún skalf þegar hún yfirgef vagninn og gekk upp tröppuna. Þar stóð einhver við dýrnar, en hún þorði ekki að líta upp. Föl og skjálftandi stóð hún þar niðurlát.

Hendi lyfti blájunni frá andlitinu, sem nú sást glögt, umkringt dökku hárlökkum.

"Vertu velkomin, barnið mitt."

Þessi heilsan ómaði með rödd, sem var djúp og sterk, en jafn blíð og kvenrödd. Effie leit upp. Hár maður með stóra andlitsdrætti, roða í kinnum, blá augu og hvít háir, stóð fyrir framan hana. Það var ekki andlit, sem varð hrósað fyrir fegurð, en það var eitthvað í svip þess, sem létti barninu andardráttinn. Svo fleygði hún sér til hinna framrétta handleggja — hún var nú heima.

Hann var gamall maður, hér um bil 65 ára, en hár og þreklega vaxinn og hraustlegur, hið reglubundna líf hans gerði hann að útliti tíu árum yngri. Eitthvað blíkaði í augum hans, þegar hann tók Effie í faðm sinn og bar hana inn í húsið. Hann flutti stól að ofninum og settist á hann með hana. Með óæfðum en ekki klaufalegum fingrum, færði hann hana úr kápunni og tók af henni hattinn, lyfti svo and-liti hennar frá özl sinni og horfði á það lengi og rannsakandi. Á breiða enninn hennar las hann að hún væri vel skynsöm, blíðar tilfinningar á dráttunum kringum munninn, og ró-lega auðmýkt í fögru augunum.

"Segðu mér nafn þitt, barnið mitt?"

"Effie."

"Og hvað ertu gömul?"

"Fimmtán ára. Eg er ungjó litil, en eg er ekki, og hefi aldrei verið heilsugóð."

"Og svo hefir verið dekrað við þig og gert lit verra?"

Hún roðnaði og glöggseði gamli maðurinn las þar svarið við spurningu sinni.

"Svo það hefir ekki verið dekrað við þig?"

"Það var mér að kenna," sagði hún, "eg var öngug og leiðinleg, ólík hinum."

"Hverjum hinum?"

Henni þótti vænt um að hætta að tala um sjálfa sig, og fór að segja honum frá fallegu systrunum sínum, hvað þær væri alúðlegar og fullkomnar. Svo lýsti hún móður sinni, unngamli maðurinn undraðist yfir hinni miklu ást, sem orð hennar lýstu.

"Ef þér hefir þótt svona vænt um þær, því komst þú þá hingað?"

Þessi skyndilega spurning kom henni í engin vandræði. Með barnslegri djörfung sagði hún:

"Þú lofaðir þeim styrk, ef einhver vildi koma, og mamma átti hægast með að missa mig. Blanche ætlar bráðum að giftast, og Lára gengur enn þá í skóla. Auk þessar eru þær allar fallegar, nema eg."

"Ó!"

Nú varð löng þögn. Einhver eðlisávisun sagði Effie, að frænda hennar líkaði að halda henni í faðmi sínum, og hún horfði á eldinn, þangað til hún þreytt, eftir ferðina lokaði augunum, og í fyrsta skifti á æfi söfnaði hún í alúðlegum faðmi.

Marshall gamli sat kyr. Honum líkaði ekki kona bróðursonar síns. Hann þekkti hana sem skrautgjarna, hégómlega samkvæmiskonu, og bréf hans var niðurstaðan af nákvæmri hugsun.

"Nú," sagði hann við sjálfan sig, um leið og hann braut saman bréfið, "ef hún elskar börnin sín, reikist hún og neitir að selja mér eitt þeirra, og eg ætla að senda henni peninga árlega til þess, að hún eti allíð þau upp sóma-samlega. Ef henni þykir ekki vænt um þau, get eg að minsta kosti reynt að gera eitt þeirra gæfuríkt."